Alþingi
Erindi nr. Þ 135/72
komudagur 5.11.2007

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

**Samgöngunefnd Alþingis**

5. nóvember 2007

Efni: Umsögn frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum. Þskj. 88

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur kynnt sér frumvarpið og telur það vera eðlilegt skref til þeirrar þróunar og breytinga sem orðið hefur á reglum skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð þess sem veldur tjóni, að hann bæti það að fullu.

LS gerir athugasemd við 5. gr. frumvarpsins um gildistöku 1. janúar 2008. Auknar skuldbindingar kalla á samninga um ný iðgjöld. LS telur að lengja þurfi þann tíma sem ætlaður er til aðlögunar nýrra vátryggingaákvæða að breyttum aðstæðum.

**Virðingarfyllst**
f.h. Landssambands smábátaeigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík • sími 552 7922 • fax 562 6590
ls@smabatar.is • www.smabatar.is